



Lúxemborg, 9. október 2002

Fréttatilkynning 07/02

Dómur í máli E-6/01

CIBA Speciality Chemicals Water Treatment Ltd og fl.
gegn
norska ríkinu

Málsmeðferðarreglur – Mál tækt til efnismeðferðar -Lögsaga EFTA-dómstólsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar

Í dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sameiginlega EES-nefndin hefði verið bær til að samþykkja yfirlýsingu frá 26. mars 1999, sem kveður á um tilteknar undanþágur fyrir Noreg varðandi reglur um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.

Dómurinn, sem er í formi ráðgefandi álits, er kveðinn upp í tilefni af beiðni frá Oslo byrett í tengslum við mál sem þar er rekið. Í því máli er m.a. deilt um túlkun tiltekinna ákvæða í tilskipunum ráðsins um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna og efnablandna, sem og tveggja yfirlýsinga sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 22. júní 1995 og 26. mars 1999, sem mæla fyrir um tilteknar undanþágur fyrir Noreg.

EFTA-dómstóllinn hafði í dómi frá 14. júlí 2000 (Mál E-2/00, *Allied Colloids*) komist að þeirri niðurstöðu að Noregur hefði ekki heimild, á grundvelli yfirlýsingarinnar frá 22. júní 1995, til að mæla svo fyrir að merkja skyldi pólýakrílamíð sem krabbameinsvaldandi þegar hlutfall aukaefnisins akrýlamíð er innan við 0,1% af rúmmáli. Aftur á móti hefði yfirlýsingin frá 1999 að geyma slíka heimild.

Álitaefnið sem borið var undir EFTA-dómstóllinn í þessu máli varðar það hvort sameiginlega EES-nefndin hefði verið bær til að veita Noregi þær undanþágur frá gerðum bandalagsins sem EFTA-dómstóllinn taldi, í dómi sínum í *Allied Colloids*, að fælust í yfirlýsingunni frá 1999.

Með vísan til ákvæðis í viðauka II (XV. kafla) varðandi frávík frá gerðum bandalagsins um hættuleg efni og efnablöndur og ákvæða EES-samningsins um lögsögu sameiginlegu EES-nefndarinnar var talið að nefndin hefði verið bær til að samþykkja yfirlýsinguna frá 1999.

Dóminn í heild er að finna á vefslóðinni www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa dómarnir Þór Vilhjálmsson (forseti), Carl Baudenbacher og Per Tresselt.

Hér er aðeins um að ræða fréttatilkynningu. Eingöngu dómurinn sjálfur gildir.